



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2013060042


21. febrúar 2019

Breidd á stíg meðfram Brautarholtsvegi á Kjalarnesi

Lagt er til að stígur sem fyrirhugað er að gera meðfram Brautarholtsvegi verði 2 m breiður en áður var gert ráð fyrir að hann yrði 1,5m breiður. Gerð stígsins og fyrirkomulag hans var samþykkt af Umhverfis- og skipulagsráði 2013 (USK2013060042/US1300167).

Brautarholtsvegur er fimm til sex metra breiður þjóðvegur með 50 km/klst hámarkshraða. Fyrirhugaður stígur er hugsaður fyrir íbúa sem fara gangandi eða hjólandi eftir veginum, til dæmis börn á leið til og frá skóla.

Með því að breikka stíginn verður betra svigrúm fyrir vegfarendur að ferðast saman sem og að mæta eða taka fram úr öðrum vegfarendum. 1,5 m breiður stígur rúmar í raun aðeins að tveir gangandi geti gengið samhliða eða mæst. Með breikkun stígsins upp í 2 m kemst hjólréiðamaður framhjá einum gangandi eða öðrum hjólréiðamanni. Breikkun stígsins í 2 m bætir því bæði upplifun og öryggi vegafarenda sem ferðast eftir stígunum. Gert er ráð fyrir því að stígurinn verði malbikaður og upplýstur.



Áætlað er að kostnaðarauki vegna þessa, miðað við um 1,5 km langan stíg, sé um 30 % (~25 millj. kr). Leitað verður að nýju eftir þátttöku Vegagerðarinnar í kostnaði.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála

